

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og laga um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur nr. 17/1998 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. apríl 1998 staðfest sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal fimmtán fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Yfirkjörstjórnin í Reykjavík skal vera yfirkjörstjórn við kosningarnar fyrir bæði sveitarfélögin.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. apríl 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

21. apríl 1998

Nr. 232

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 719/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.05.-30.09.98	2.200	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.05.-30.09.98	3.300	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.